

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 120/97

2003/EES/6/29

frá 20. janúar 1997

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c⁽³⁾,með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽⁴⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Evrópubandalagið hefur verið aðili að Basel-samningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra frá 7. febrúar 1994.

Á annarri ráðstefnu aðila Basel-samningsins var samþykkt samhljóða ákvörðun („ákvörðun II/12“) þess efnis að banna þegar í stað allan útflutning á hættulegum úrgangi, sem ætlaður er til endanlegrar förgunar, frá ríkjum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) til ríkja utan vébanda hennar og að banna frá 1. janúar 1998 allan útflutning á hættulegum úrgangi, sem ætlaður er til endurvinnslu eða endurnýtingar, frá ríkjum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar til ríkja utan vébanda hennar.

Á þriðju ráðstefnu aðila Basel-samningsins var samþykkt samhljóða ákvörðun („ákvörðun III/1“) þess efnis að breyta samningnum þannig að bannaður yrði allur útflutningur á hættulegum úrgangi, sem ætlaður er til förgunar, frá ríkjum, sem eru tilgreind í VII. viðauka við samninginn, til ríkja sem eru ekki tilgreind þar og að banna frá 1. janúar 1998 allan útflutning á hættulegum úrgangi, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. samningsins og er ætlaður til endurnýtingar, frá ríkjum, sem eru tilgreind í VII. viðauka við samninginn, til ríkja sem eru ekki tilgreind þar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 164, 30. 6. 1995, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 18, 22. 1. 1996, bls. 18.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 16. janúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 32, 5. 2. 1996, bls. 32), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 219, 27. 7. 1996, bls. 19) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996, bls. 75).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 30, 6. 2. 1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB (Stjtið. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36).

Skilgreiningar bandalagsins á hættulegum úrgangi eru eins og sakir standa ekki í fullu samræmi við skilgreiningarnar í Basel-samningnum og þar eð það getur leitt til þess að úrgangur, sem fellur undir útflutningsbann samkvæmt Basel-samningnum, verði áfram fluttur út úr bandalaginu er nauðsynlegt að breyta skilgreiningum bandalagsins og skrár að því er þetta varðar.

Nauðsynlegt er að semja V. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 259/93 þannig að hún nái einnig yfir þann hættulega úrgang sem fellur undir útflutningsbannið samkvæmt Basel-samningnum.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 1998, endurskoða og breyta fyrrnefndum V. viðauka og taka fullt tillit til þess úrgangs sem er tilgreindur á skrá yfir úrgang sem var samþykkt í samræmi við 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽⁵⁾, svo og öllum skrár yfir úrgang sem telst hættulegur samkvæmt Basel-samningnum. Útflutningur úrgangs, sem er tilgreindur í téðum V. viðauka og er ætlaður til endurnýtingar, er bannaður frá og með 1. janúar 1998, nema útflutningur til landa sem ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar nær til.

Hugsanlega reynist nauðsynlegt að endurskoða og breyta fyrrnefndum V. viðauka öðru hverju þannig að hann endurspegli það samkomulag sem náðst hefur milli aðila að Basel-samningnum um hvaða úrgangur skuli teljast hættulegur í skilningi samningsins.

Aðilarnir eru hvattir til að hafa samvinnu sín á milli og vinna ötullega að því að tryggja skilvirka framkvæmd ákvarðana II/12 og III/1 sem samþykktar voru á ráðstefnum aðila Basel-samningsins.

Að því er varðar úrgang, sem ætlað er að farga endanlega, liggur þegar fyrir bann við útflutningi á öllum slíkum úrgangi skv. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 til ríkja utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Skv. 18. gr. þeirrar reglugerðar liggur bann við öllum útflutningi á úrgangi til ríkja í Afríku, Karíbahafi og Kyrrahafi (ACP-ríkjanna).

Í núverandi mynd þeirrar reglugerðar er ekki kveðið á um algert bann við útflutningi hættulegs úrgangs, sem er ætlaður til endurvinnslu eða endurnýtingar, til ríkja utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

Því ber að breyta fyrrnefndri reglugerð.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtið. EB nr. L 168, 2. 7. 1994, bls. 28).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 komi eftirfarandi:

„1. Banna skal útflutning á öllum úrgangi, sem er ætlaður til endurnýtingar og er tilgreindur í V. viðauka, nema útflutning til:

a) landa sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar;

b) annarra landa:

— sem eru aðilar að Basel-samningnum og/eða sem bandalagið, eða bandalagið og aðildarríki þess, hafa gert tví- eða marghliða eða svæðisbundna samninga við eða náð annars konar samkomulagi við skv. 11. gr. Basel-samningsins og 2. mgr. þessarar greinar. Allur slíkur útflutningur skal hins vegar bannaður frá og með 1. janúar 1998,

— sem einstök aðildarríki hafa náð tvíhliða samningum við eða náð annars konar samkomulagi við fyrir þann dag sem þessi reglugerð tekur gildi, svo fremi samningarnir samræmist löggjöf bandalagsins og séu í samræmi við 11. gr. Basel-samningsins og 2. mgr. þessarar greinar. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um slíka samninga eða samkomulag innan þriggja mánaða frá því að reglugerð þessi kemur til framkvæmda eða frá gildistöku slíkra samninga eða samkomulags, eftir því hvort gerist fyrr, og skulu samningarnir eða samkomulagið falla úr gildi þegar náðst hafa samningar eða samkomulag í samræmi við fyrsta undirlið. Allur slíkur útflutningur skal hins vegar bannaður frá og með 1. janúar 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 1997.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. janúar 1998, endurskoða og breyta V. viðauka við þessa reglugerð og taka fullt tillit til þess úrgangs sem er tilgreindur á skrá yfir úrgang sem var samþykkt í samræmi við 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang (*), svo og öllum skráum yfir úrgang sem telst hættulegur samkvæmt Basel-samningnum.

Endurskoða skal V. viðauka og breyta honum frekar, eins og við á, samkvæmt sömu málsmeðferð. Framkvæmdastjórnin skal einkum endurskoða viðaukann til að koma í framkvæmd ákvörðunum aðila Basel-samningsins um hvaða úrgangur skuli teljast hættulegur í skilningi samningsins, svo og breytingum á skránni yfir úrgang sem samþykkt var í samræmi við 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE.

(*) Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20. Tilskipunin eins og henni var breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtið. EB nr. L 168, 2. 7. 1994, bls. 28).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í V. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 259/93:

„V. VIÐAUKI

Úrgangur sem er tilgreindur í III. viðauka við þessa reglugerð.

Úrgangur sem er tilgreindur í IV. viðauka við þessa reglugerð.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd ráðsins,

J. VAN AARTSEN

forseti.